

Erindisbréf

starfshópur um mótun vörumerkjastefnu fyrir Hafnarfjörð

Hlutverk:

Meginverkefni hópsins er að móta og kortleggja vörumerkjastefnu fyrir Hafnarfjörð.

Vörumerki Hafnarfjarðar eru nú margskonar. Keyrt er á skilaboðum um álfabæinn Hafnarfjörð, víkingabæinn Hafnarfjörð og Bærinn í hrauninu. Talið er að þörf sé á heildarsýn sem tengir saman arfleið, sögu, sérstöðu og núverandi stöðu. Hlutverk hópsins er að koma með tillögur um hver skal vera ímynd bæjarins og það sem íbúar vilja standa fyrir. Styrkja skal ímynd bæjarins í hugum Hafnfirðinga og hafnfirskra fyrirtækja.

Skipulag:

Starfshópurinn skal hefja störf eftir að erindisbréf hefur verið afgreitt í bæjarráði og starfar hann í umboði bæjarráðs. Hópurinn skal skila niðurstöðu eigi síðar en 1. október 2017.

Hópurinn skal hafa víðtækt samráð og samtal við íbúa og hagsmunaaðila. Þá skal hópurinn hafa víðtækt samráð fyrir samskiptasvið bæjarins og þær stofnanir og ráð sem þurfa að koma að málinu.

Greitt verður fyrir fundarsetu skv. reglum bæjarfélagsins þar að lútandi. Skrá skal í fundargerðir öll þau atriði og ákvarðanir sem skipta kunna máli í tengslum við störf hópsins.

Starfshópnum er óheimilt að stofna til kostnaðar án samþykkis bæjarráðs og fjárheimildir skulu vera fyrir útgjöldum.

Skipan hópsins:

Bæjarráð skipar eftirtalda í hópinn:

Starfsmaður hópsins er samskiptastjóri

Samþykkt í bæjarráði,